

SAMPYKKT

um sorphreinsun og sorpeýðingu í Húsavíkurkaupstað.

1. gr.

Húsavíkurkaupstaður sér um sorphreinsun frá öllum fasteignum á skipulögðu svæði kaupstaðarins.

Hún fer fram undir yfirstjórn bæjartæknifræðings og með eftirliti heilbrigðisfulltrúa kaupstaðarins.

2. gr.

Daglegt sorp frá íbúðarhúsum, veitingastöðum, verslunum og öðrum fasteignum skal sett í sérstaka plastpoka, sem bæjarfélagið afhendir.

Pokunum skal komið fyrir í sérstakri grind, sem smíðuð er fyrir pokana. Skal grindin vera frístandandi, hún fest á húsvegg eða henni komið fyrir í sorptunnu. Grindinni skal komið svo fyrir, að sorppokinn hangi 2–5 cm yfir jörð, gólfi eða tunnubotni. Lok skal vera yfir grindinni.

Húseigendur skulu bera allan kostnað af pokagrindum og sjá um að auðvelt sé að komast að þeim. Fyllsta hreinlætis skal gætt í umhverfi sorppoka. Sorphreinsun skal fara fram u.þ.b. 50 sinnum á ári, eftir aðstæðum, og skal fjöldi sorpgrinda miðaður við að pokarnir yfirfyllist ekki milli tveggja tæminga. Við hvert hús skal vera a.m.k. ein grind fyrir hvert heimili ásamt aukagrindum eftir því sem nauðsynlegt er. Bæjartæknifræðingur og heilbrigðisfulltrúi úrskurða um hugsanleg vafaatriði varðandi fjölda grinda (sorppoka).

Fyrir stórhátíðir, eða ef útlit er fyrir stöðvun á sorphreinsun af einhverjum ástæðum, geta húseigendur fengið aukapoka í sorpgrindur eftir þörfum í áhaldahúsi bæjarins, en heimilt er bæjarráði að ákveða sérstaklega greiðslu fyrir þá poka.

3. gr.

Sorphreinsun fer fram á virkum dögum. Í sorppoka má setja venjulegt sorp frá heimilum, þó ekki meira en 25 kg í hvern poka. Ekki má setja glóð eða heita ösku í sorppoka. Blautt sorp, glerbrot, oddhvassa eða beitta hluti má aðeins setja innpakkað í plast eða pappír í poka.

Pokana má ekki offylla, svo að ekki sé hægt að loka þeim eða hafa lok yfir sorpgrindinni. Sorpið má ekki hanga yfir pokaröndina eða vera dreift umhverfis sorppokana. Mold, möl, grjót og svipað efni má ekki láta í pokana, en skal flutt á svæði, skv. nánari fyrirmælum bæjartæknifræðings. Þangað er bannað að flytja pappír, plast eða eyðanlegt sorp. Bannað er að aðgreina og flytja burt úrgang frá slíku svæði. Bílhræ og brotajárn skal flytja á afmarkað svæði, skv. nánari fyrirmælum bæjartæknifræðings. Bannað er að urða olíuleyfar eða önnur efni, sem mengað geta jarðveg í bæjarlandinu og einnig er bannað að kasta slíkum efnum í sjó. Skal þeim brennt eða eytt á annan hátt eftir því sem kostur er á og skal slík eyðing fara fram undir eftirliti heilbrigðisfulltrúa og annarra hlutaðeigandi starfsmanna bæjarins.

4. gr.

Forsvarsmenn heimila og atvinnurekstrar skulu koma fyrirferðamiklum en brennanlegum úrgangi, svo sem umbúðum og því um líku, á sorphreinsunarbíl þegar hreinsun fer fram eða í sorpeýðingarstöð, skv. nánari fyrirmælum bæjartæknifræðings.

5. gr.

Kostnaður við almenna sorphreinsun og sorpeyðingu greiðist úr bæjarsjóði.

Bæjarstjórn er þó heimilt í sérstakri gjaldskrá, sem heilbrigðismálaráðherra staðfestir, að innheimta með fasteignagjöldum hvers árs, fjárhæð, er nemi allt að áætluðum kostnaði við sorphreinsun og sorpeyðingu í kaupstaðnum.

6. gr.

Með brot gegn samþykkt þessari skal farið sem opinbert mál í samræmi við lög nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

7. gr.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Húsavíkurkaupstaðar staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi frá og með 1. janúar 1988 að telja. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um sorphreinsun í Húsavíkurkaupstað 1. júlí 1972.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 29. desember 1987.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.